



Borgarráð

***Undanþága frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði***

Lagt er til að borgarráð samþykki að fallast á hjálagt erindi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. janúar 2021 varðandi ósk um undanþágu frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði. Vísað er til umsagna borgarlögmans varðandi rökstuðning í því efni. Um er að ræða dótturfélögin Orku náttúrunnar ohf., ON power ohf., Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Carbfíx ohf. Jafnframt er lagt til að Reykjavíkurborg fari þess á leit við forsætisráðherra að félögin fái undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, með vísan í hjálagðar umsagnar borgarlögmans, dags. 25. febrúar 2021.

Þrátt fyrir ofangreint beinir borgarráð þeim tilmælum til Orkuveitunnar í Reykjavík að huga að gagnsæi í framsetningu á fjárhagsupplýsingum og bókhaldi eftir því sem kostur er. Í meirihlutasáttmála Reykjavíkurborgar fyrir kjörtímabilið 2018-2022 segir að ljúka þurfi opnun bókhalds á kjörtímabilinu og stuðla að því að upplýsingar um öll útgjöld borgarinnar, dótturfyrirtækja hennar og byggðasamлага séu eins gagnsæ og opin og kostur er.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Ósk um undanþágu frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði, bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. janúar 2021

Umsögn borgarlögmans vegna Orku náttúrunnar ohf., dags. 25. febrúar 2021.

Umsögn borgarlögmans vegna ON power ohf., dags. 25. febrúar 2021.

Umsögn borgarlögmans vegna Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., dags. 25. febrúar 2021.

Umsögn borgarlögmans vegna Carbfíx ohf., dags. 25. febrúar 2021.

Reykjavík, 7. janúar 2021  
ÍLS/Reykjavíkurborg  
Ráðhús Reykjavíkur  
Reykjavík**Efni: Ósk um undanþágu frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði**

Á hluthafafundum sem fram fóru þann 6. nóvember 2020, í þeim dótturfélögum Orkuveitu Reykjavíkur sef. sem starfa á samkeppnismarkaði, voru staðfestar ákvarðanir stjórnar félaganna að óskað yrði eftir undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Um er að ræða félögin Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830, ON Power ohf., kt. 521213-0190, Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., 691206-3780, og Carbfix ohf., kt. 471119-0910, en þau starfa hvert um sig eingöngu á samkeppnismarkaði.

Undanþága frá gildissviði upplýsingalaga er veitt þeim opinberu félögum sem starfa að nær öllu leyti á samkeppnismarkaði. Samkvæmt lögnum er það forsætisráðherra sem veitir undanþáguna að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að fenginni jákvæðri umsögn Samkeppniseftirlitsins. Undanþága er veitt að fenginni tillögu þeirrar sveitarstjórnar sem fer með eigendavald í viðkomandi félagi. Í þeim tilvikum sem eigendasveitarfélög eru fleiri en eitt eru það allar sveitarstjórnir sem standa sameiginlega að ósk um undanþágu, sbr. athugasemdir við 3. mgr. 2. gr. í frumvarpinu sem varð að upplýsingalögum.

Með vísan til framangreinds er þess óskað að Reykjavíkurborg sem einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að það verði lagt til við forsætisráðherra að framangreindum dótturfélögum verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 140/2012. Hjálagðar eru fundargerðir áðurgreindra hlutafafunda ásamt tillögum og greinargerðum sem lagðar voru fyrir stjórnir félaganna í aðdraganda þeirra. Í þeim er gerð grein fyrir því samkeppnislega umhverfi sem hvert félag um sig býr við framangreindri beiðni til stuðnings. Frekari upplýsingar veitir undirrituð svo góðfúslega verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður

Samrit: Borgarbyggð og Akraneskaupstaður

## HLUTHAFAFUNDUR CARBFIX OHF.

Föstudaginn 6. nóvember 2020 kl. 10:00 var haldinn hluthafafundur Carbfix ohf., kt. 471119-0910. Fundurinn var fjarfundur.

Fundinn sótti Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem fer með atkvæði eiganda á fundinum.

Einnig sátu fundinn Gréta María Grétarsdóttir, Gestur Pétursson og Daði Már Kristofersson. Ennfremur Edda Sif Aradóttir framkvæmdastýra Carbfix, Íris Lind Sæmundsdóttir lögfræðingur og Bára Jónsdóttir lögfræðingur og ritari stjórnar Carbfix.

### **Þetta gerðist:**

Fundastjóri og fundarritari var kosinn Bára Jónsdóttir.

Ekki voru gerðar athugasemdir við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan. Var gengið til boðaðrar dagkrár:

#### **1. Tillaga um undanþágu frá upplýsingalögum.**

Lögð var fram tillaga stjórnar félagsins um undanþágu frá upplýsingalögum. Tillögunni fylgdi greinargerð, dags. 19. október 2020 sem lögð hafði verið fyrir stjórnarfund í félaginu.

*Hluthafafundur staðfestir ákvörðun stjórnar Carbfix ohf., sem tekin var á stjórnarfundum þann 21. október 2020, sem felur það í sér að óskað verði eftir því að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 40/2012.*

*Samþykkt.*

#### **2. Önnur mál.**

Undir öðrum málum upplýsti framkvæmdastýra um stöðu samninga tengda hugverkaréttindum félagsins.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundi slitið kl. 10:10**

## Undirritunarsíða

Fundarstjóri og fundarritari  
Bára Jónsdóttir

Handhafi hlutafjár  
Bjarni Bjarnason

# HLUTHAFAFUNDUR GAGNAVEITU REYKJAVÍKUR

6. NÓVEMBER 2020

Föstudaginn, 6. nóvember 2020, kl. 10:45 var um fjarfundabúnað haldinn hluthafafundur í Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. kt. 691206-3780.

Fundinn sótti Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, sem fer með atkvæði eiganda á fundinum, og stjórnarfólkið Ingvar Stefánsson, Birna Bragadóttir, Pálmi Símonarson, og Edda Sif Pind Aradóttir.

Einnig sat fundinn Íris Lind Sæmundsdóttir lögfræðingur hjá OR og ritari stjórnar GR.

## **Petta gerðist:**

Fundarstjóri var kosinn Íris Lind Sæmundsdóttir sem jafnframt var fundarritari.

Fundurinn var boðaður með fundarboði, dags. 30. október 2020 sem er í samræmi við samþykktir félagsins um 7 daga fyrirvara á fundarboði. Voru ekki gerðar athugasemdir við boðunina og lýsti fundarstjóri því fundinn lögmaetan. Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

1. Tillaga um undanþágu frá upplýsingalögum.

Lögð var fram tillaga stjórnar félagsins um undanþágu frá upplýsingalögum. Tillögunni fylgdi greinargerð, dags. 23. október 2020 sem lögð hafði verið fyrir stjórnarfund í félaginu. Eftirfarandi tillaga borin upp:

*Hluthafafundur staðfestir ákvörðun stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., sem tekin var á stjórnarfundum þann 23. október 2020, sem felur það í sér að óskað verði eftir því að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 40/2012.*

*Samþykkt.*

2. Önnur mál.

Rætt var með almennum hætti um málefni félagsins og þakkaði Bjarni viðstöddum fyrir vel unnin störf í þess þágu.

Engin önnur mál.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 10:55.**

## Undirritunarsíða

Handhafi hlutafjár  
Bjarni Bjarnason

Fundarstjóri og fundarritari  
Íris Lind Sæmundsdóttir

# HLUTHAFAFUNDUR ORKU NÁTTÚRUNNAR OHF.

Föstudaginn 6. nóvember 2020 kl. 10:15 var um fjarfundabúnað haldinn hluthafafundur Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830.

Fundinn sótti Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem fer með atkvæði eiganda á fundinum. Einnig sat fundinn Íris Lind Sæmundsdóttir, lögræðingur og ritari stjórnar Orku náttúrunnar og stjórnarfólkið Hildigunnur Thorsteinsson, Hólmfríður Sigurðardóttir, Elísabet Hjaltadóttir, Magnús Már Einarsson, og Tómas Ingason.

Fundarstjóri var kjörin Íris Lind Sæmundsdóttir sem einnig var falið að rita fundinn.

Fundurinn var boðaður með tölvupósti dags. 30. október 2020, að beiðni stjórnar Orku náttúrunnar ohf. um boðun hluthafafundar vegna tillögu hennar til hluthafafundar. Er það í samræmi við samþykktir félagsins um 7 daga fyrirvara á fundarboði. Voru ekki gerðar athugasemdir við boðunina og lýsti fundarstjóri því fundinn lögmætan. Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

## 1. Tillaga um undanþágu frá upplýsingalögum.

Lögð var fram tillaga stjórnar félagsins um undanþágu frá upplýsingalögum. Tillögunni fylgdi greinargerð, dags. 23. október 2020 sem lögð hafði verið fyrir stjórnarfund í félaginu. Eftirfarandi tillaga borin upp:

*Hluthafafundur staðfestir ákvörðun stjórnar Orku náttúrunnar ohf., sem tekin var á stjórnarfundum þann 23. október 2020, sem felur það í sér að óskað verði eftir því að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 40/2012.*

*Samþykkt.*

## 2. Önnur mál.

Rætt var með almennum hætti um málefni félagsins og þakkaði Bjarni viðstöddum fyrir vel unnin störf í þess þágu.

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum og var fundi slitið kl. 10:30.

## Undirritunarsíða

Handhafi hlutafjár  
Bjarni Bjarnason

Fundarstjóri og fundarritari  
Íris Lind Sæmundsdóttir



## HLUTHAFAFUNDUR ON POWER OHF.

Föstudaginn 6. nóvember 2020 kl. 10:30 var um fjarfundabúnað haldinn hluthafafundur ON Power, kt. 521213-0190.

Fundinn sótti Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem fer með atkvæði eiganda á fundinum. Einnig sat fundinn Íris Lind Sæmundsdóttir, lögfræðingur og ritari stjórnar ON Power, og stjórnarfélagið Hildigunnur Thorsteinsson, Hólmfríður Sigurðardóttir, Elísabet Hjalta-dóttir, Magnús Már Einarsson, og Tómas Ingason.

Fundarstjóri var kjörin Íris Lind Sæmundsdóttir sem einnig var falið að rita fundinn.

Fundurinn var boðaður með tölvupósti dags. 30. október 2020, að beiðni stjórnar ON Power ohf. um boðun hluthafafundar vegna tillögu hennar til hluthafafundar. Er það í samræmi við samþykktir félagsins um 7 daga fyrirvara á fundarboði. Voru ekki gerðar athugasemdir við boðunina og lýsti fundarstjóri því fundinn lögmætan. Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Tillaga um undanþágu frá upplýsingalögum.

Lögð var fram tillaga stjórnar félagsins um undanþágu frá upplýsingalögum. Tillögunni fylgdi greinargerð, dags. 23. október 2020 sem lögð hafði verið fyrir stjórnarfund í félaginu. Eftirfarandi tillaga borin upp:

*Hluthafafundur staðfestir ákvörðun stjórnar ON Power ohf., sem tekin var á stjórnarfundum þann 23. október 2020, sem felur það í sér að óskað verði eftir því að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 40/2012.*

*Samþykkt.*

### 2. Önnur mál.

Rætt var með almennum hætti um málefni félagsins og þakkaði Bjarni viðstöddum fyrir vel unnin störf í þess þágu.

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum og var fundi slitið kl. 10:45.

## Undirritunarsíða

Handhafi hlutafjár  
Bjarni Bjarnason

Fundarstjóri og fundarritari  
Íris Lind Sæmundsdóttir

Til stjórnar Carbfix

SF 10  
ESA/BJ  
Reykjavík, 19. október 2020

## Tillaga

Stjórn Carbfix ohf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að hann óski eftir því að forsætisráðherra veiti félaginu undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnáslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Carbfix ohf., dótturfélags Orkuveitur Reykjavíkur sem er í eigu þriggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akranesskaupstaðar og Borgarbyggðar. Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er fjallað um heimild forsætisráðherra til að veita undanþágu frá lögnum. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

Carbfix hóf starfsemi 1. janúar 2020. Hlutverk fyrirtækisins er að stuðla að frekari þróun, þekkingu og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi með það markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum.

Með hliðsjón af því að Carbfix starfar að öllu leyti í samkeppni á markaði er lagt til að óskað verði undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Í ljósi þess að ákveðið ójafnræði er fólgið í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði haldi Carbfix áfram að falla undir gildissvið laganna enda aðrir á sama markaði ekki undir slíkum kvöðum.

[rafræn undirskrift]

[Nafn]

Til stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur

SF 174  
EFG/ÍLS  
Reykjavík, 21. október 2020

## Tillaga

Stjórn Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að hann óski eftir því að forsætisráðherra veiti félaginu undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Gagnaveitu Reykjavíkur, dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur sem er í eigu þriggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akranesskaupstaðar og Borgarbyggðar. Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er fjallað um heimild forsætisráðherra til að veita undanþágu frá lögnum. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

Gagnaveita Reykjavíkur, hér eftir GR, er fjarskiptafyrirtæki sem hóf starfsemi 1. janúar 2007 þegar það keypti eignir úr starfsemi Orkuveitunnar. Hlutverk fyrirtækisins er rekstur og uppbygging háhraðagagnaflutningskerfis. Starfsemi þess er að öllu leyti í samkeppni á markaði og lýtur hún eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Helsti samkeppnisaðili fyrirtækisins er Míla. GR á og rekur ljósleiðarakerfi sem liggur að mestu um höfuðborgarsvæðið þar sem búið er að tengja við kerfið tugþúsundir heimila og hundruð fyrirtækja. Þá nær kerfið einnig til hluta vesturlands og suðurlands. Um ljósleiðarakerfið rekur Gagnaveitan opið net fjarskipta þar sem tengd heimili á þjónustusvæði fyrirtækisins geta fengið háhraða internet, sjónvarps- og símaþjónustu ýmissa fjarskiptafyrirtækja.

Með hliðsjón af því að GR starfar að öllu leyti í samkeppni á markaði er lagt til að óskað verði undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. GR fékk slíka undanþágu sem gildi árin 2013-2015. Aðstæður á markaði eru óbreyttar frá þeim tíma og ástæða er til að óska að nýju slíkrar undanþágu enda ákveðið ójafnræði fólgið í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði haldi GR áfram að falla undir gildissvið laganna



**GAGNAVEITA**  
REYKJAVÍKUR

enda aðrir á sama markaði ekki undir slíkum kvöðum. Slíkt er óheppilegt í samkeppni GR og keppinanta fyrirtækisins líkt og Samkeppniseftirlitið benti á í umsögn sinni til forsætisráðuneytis árið 2013 vegna beiðni GR þá.

[rafræn undirskrift]

[Nafn]

Til stjórnar Orku náttúrunnar

SF 13  
BRÓ/ÍLS  
Reykjavík, 23. október 2020

## Tillaga

Stjórn Orku náttúrunnar ohf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að hann óski eftir því að forsætisráðherra veiti félaginu undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Orku náttúrunnar ohf., dótturfélags Orkuveitur Reykjavíkur sem er í eigu þriggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akranesskaupstaðar og Borgarbyggðar. Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er fjallað um heimild forsætisráðherra til að veita undanþágu frá lögnum. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

ON framleiðir og selur rafmagn á markaði sem er að öllu leyti í samkeppni. Sem slíkt lýtur fyrirtækið eftirliti Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Með því að vera undirorpið upplýsingalögum er félaginu skylt að taka til afgreiðslu allar beiðnir um aðgang að upplýsingum á grundvelli laganna, þó heimilt sé að undanþiggja tilteknar upplýsingar afhendingu á grundvelli þeirra t.a.m. á grundvelli sjónarmiða um samkeppni eða viðkvæm rekstartengd sjónarmið. Slík kvöð getur verið verulega íþyngjandi og í ljósi þeirra tímafresta sem löggin afmarka, felur þetta í sér að leggja þarf önnur verkefni til hliðar á meðan beiðni um afhendingu gagna er afgreidd. Sem dæmi má nefna að ON afgreiddi beiðni um afhendingu gagna fyrr á þessu ári, sem kom frá samkeppnisaðila, og fóru a.m.k. 40 vinnustundir í afgreiðslu beiðninnar, sem leiddi til afhendingar sumra þeirra gagna sem óskað var eftir. Samkeppnisaðilar fyrirtækisins eru ekki undirorpnir sömu kvöð og sem dæmi má nefna að



Orkusalan sem er í opinberri eigu, er undanþegin upplýsingalögum skv. sérstakri ákvörðun forsætisráðherra sbr. framangreinda 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að eigandi ON samþykki að leitað verði með það til forsætisráðherra um að hann taki ákvörðun um að veita fyrirtækinu undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Verði fallist á að veita undanþágu fyrir ON mun fyrirtækið áfram hafa opna upplýsingagjöf til almennings og viðskiptavina að leiðarljósi, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða.

Berglind Rán Ólafsdóttir

Framkvæmdastýra

Til stjórnar ON Power

SFON 13  
BRÓ/ÍLS  
Reykjavík, 23. október 2020

## Tillaga

Stjórn ON Power ohf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að hann óski eftir því að forsætisráðherra veiti félaginu undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til ON Power, dótturfélags Orkuveitur Reykjavíkur sem er í eigu þriggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akranesskaupstaðar og Borgarbyggðar. Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er fjallað um heimild forsætisráðherra til að veita undanþágu frá lögnum. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

ON Power framleiðir og selur rafmagn á markaði sem er að öllu leyti í samkeppni. Sem slíkt lýtur fyrirtækið eftirliti Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Með því að vera undirorpið upplýsingalögum er félaginu skylt að taka til afgreiðslu allar beiðnir um aðgang að upplýsingum á grundvelli laganna, þó heimilt sé að undanþiggja tilteknar upplýsingar afhendingu á grundvelli þeirra t.a.m. á grundvelli sjónarmiða um samkeppni eða viðkvæma rekstartengda sjónarmið. Slík kvöð getur verið verulega íþyngjandi og í ljósi þeirra tímafresta sem lögin afmarka, felur þetta í sér að leggja þarf önnur verkefni til hliðar á meðan beiðni um afhendingu gagna er afgreidd. Sem dæmi má nefna að ON afgreidd beiðni um afhendingu gagna fyrr á þessu ári, sem stafaði frá samkeppnisaðila, og fóru a.m.k. 40 vinnustundir í afgreiðslu beiðninnar, sem leiddi til afhendingar sumra þeirra gagna sem óskað var eftir. Samkeppnisaðilar fyrirtækisins eru ekki undirorpnir sömu kvöð og sem dæmi má nefna að





Landsvirkjun sem er í opinberri eigu, er undanþegin upplýsingalögum skv. sérstakri ákvörðun forsætisráðherra sbr. framangreinda 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að eigandi ON Power samþykki að leitað verði með það til forsætisráðherra um að hann taki ákvörðun um að veita fyrirtækinu undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Verði fallist á að veita undanþágu fyrir ON Power mun fyrirtækið áfram hafa opna upplýsingagjöf til almennings og viðskiptavina að leiðarljósi, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða.

Berglind Rán Ólafsdóttir

Framkvæmdastýra



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarlögmaður

---

***Umsögn um erindi Orkuveitu Reykjavíkur vegna beiðni um undanþágu frá upplýsingalögum vegna dótturdótturfélagsins Orku náttúrunnar ohf.***

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. janúar 2020, var óskað umsagnar borgarlögmanns um erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef., dags. 7. janúar 2020. Í erindinu kemur fram að stjórn dótturdótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur, Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830, hafi á hluthafafundi sínum sem fram fór 6. nóvember 2020, samþykkt að óska eftir því að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 140/2012. Í fyrrgreindu erindi Orkuveitu Reykjavíkur er þess óskað að Reykjavíkurborg sem einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að það verði lagt fyrir forsætisráðherra að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum. Sambærileg erindi voru send til annarra eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

### I.

Upplýsingalög nr. 140/2012 gilda um alla starfsemi stjórnvalda og alla starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. laganna. Lögin taka þó ekki til lögaðila, sem hafa sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir og dótturfélaga þeirra.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að lögaðili, sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna og er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði, falli ekki undir gildissvið laganna. Ákvörðun forsætisráðherra um að lögaðili skuli njóta undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga tekur gildi við birtingu auglýsingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Þá skal forsætisráðuneytið halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið slíka undanþágu en ákvörðun þar að lútandi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

### II.

Orkuveita Reykjavíkur er félag sem eru í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Félagið Orka náttúrunnar ohf. er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., kt. 531213-0840, sem er að öllu leyti í

eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Félagið er því að öllu leyti í eigu hins opinbera og hefur ekki sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa. Félagið fellur því að óbreyttu undir gildissvið upplýsingalaga.

Í athugasemdum við ákvæði 2. gr. í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum nr. 140/2012 segir m.a. eftirfarandi um skilyrði þess að undanþágunni sé beitt:

*„Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt eru því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinnar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila..*

[...]

*Ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki getur fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verður að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Ljóst er jafnframt að henni ber að beita af mikilli varfærni.“*

[...]

*Sá möguleiki er fyrir hendi að einhverjir þeirra lögaðila sem eðlilegt væri að fengju undanþágu skv. 3. mgr. séu í eigu sveitarfélaga, tveggja eða fleiri. Í slíkum tilvikum væri eðlilegt að sveitarstjórnir allra hlutaðeigandi sveitarfélaga stæðu sameiginlega að ósk um undanþágu.*

Í samræmi við skipan raforku mála í raforkulögunum hefur raforkumarkaðinum á Íslandi verið skipt í eftirfarandi fjóra undirmarkaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2006:

- Markaður fyrir framleiðslu/vinnslu og heildsölu rafmagns
- Markaður fyrir dreifingu rafmagns
- Markaður fyrir flutning rafmagns
- Markaður fyrir smásölu á rafmagni til endanota (tvískiptur flokkur, annars vegar almennur hluti og hins vegar stórnotendahluti)

Í fyrirnefndu erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef. kemur fram að Orka Náttúrunnar ohf. framleiði og selji rafmagn til endanotenda á almennum markaði og að félagið lúti sem slíkt eftirliti Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Starfsemi Orku náttúrunnar ohf. feli í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakílsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði. Þá komi félagið að rekstri jarðhitasýningar, götulýsinga og hleðslustöðva.

Hinn 1. janúar 2019 var starfsemi Orku náttúrunnar ohf. skipt í tvö félög, annars vegar Orku náttúrunnar ohf., sem er með íslenska krónu sem starfrækslugjaldmiðil og hins vegar í ON Power ohf., sem er með bandaríkjadal sem starfrækslugjaldmiðil. Megin munurinn á þessum tveimur félögum felst þannig í mismunandi starfrækslugjaldmiðlum. Bæði félögin starfa á markaði fyrir framleiðslu/vinnslu og heildsölu rafmagns og markaði fyrir smásölu á rafmagni til endanotenda. Á hinn bóginn starfa félögin á sitt hvorum af tveimur undirmörkuðum fyrir smásölu, þ.e. Orka náttúrunnar ohf. starfar á almennum markaði en ON Power á stórnotendamarkaði.

Helstu samkeppnisaðilar Orku náttúrunnar ohf. eru samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur; Orkusalan, Íslensk Orkumiðlun, Orkubú Vestfjarða, Orka heimilanna, HS orka og Fallorka.

Fyrir liggur að einn helsti samkeppnisaðili Orku Náttúrunnar ohf., Orkusalan ehf. sem er í eigu RARIK ohf., hlutafélags í eigu íslenska ríkisins, hefur hlotið undanþágu frá upplýsingalögum með ákvörðun forsætisráðuneytisins, dags. 10. október 2019, sbr. auglýsingu nr. 881/2019 sem birtist í Stjórnartíðindum 10. október 2019. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins um beiðni Orkusölunnar ehf. um undanþágu kemur fram að aðstæður á íslenskum markaði fyrir framleiðslu og sölu rafmagns á Íslandi væru þannig að starfsemi sé á höndum fárra fyrirtækja og við það geti skapast hætta á skertu samkeppnislegu sjálfstæði keppnauta. Þá segir í umsögn Samkeppniseftirlitsins að mikilvægt sé að hið opinbera raski ekki samkeppnislegu sjálfstæði keppnauta á orkumarkaði með því að hluti markaðarins lúti ítarlegri upplýsingaskyldu umfram það sem almennt gerist á samkeppnismörkuðum.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat borgarlögmans að sömu sjónarmið gildi um Orku náttúrunnar ohf., þ.e. að félagið uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að njóta undanþágu frá gildissviði laganna. Um er að ræða einkaréttarlegt félag sem er í samkeppnisrekstri á markaði og að starfsemi þess falli því ekki undir hefðbundna opinbera starfsemi. Þá hefur félaginu hvorki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir né að sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða teljist að öðru leyti þáttur í opinberu hlutverki stjórnvalds.

Því er lagt til að Reykjavíkurborg fallist fyrir sitt leyti á fyrrnefnt erindi Orkuveitu Reykjavíkur varðandi Orku náttúrunnar ohf. og fari þess á leit við forsætisráðherra að félagið fái undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012.

Þar sem móðurfélagið Orkuveita Reykjavíkur er ekki alfarið í eigu Reykjavíkurborgar heldur jafnframt í eigu Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar og fyrir liggur að sambærileg erindi voru send til hinna eigendanna þá er enn fremur mælt til, ef mögulegt er, að sameiginlega verði staðið að ósk um undanþágu í samræmi við athugasemd við ákvæði 2. gr. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum.



Ebba Schram





## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarlögmaður

---

***Umsögn um erindi Orkuveitu Reykjavíkur vegna beiðni um undanþágu frá upplýsingalögum vegna dótturdótturfélagsins ON Power ohf.***

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. janúar 2020, var óskað umsagnar borgarlögmanns um erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef., dags. 7. janúar 2020. Í erindinu kemur fram að stjórn dótturdótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur, ON Power ohf., kt. 521213-0190, hafi á hluthafafundi sínum sem fram fór 6. nóvember 2020, samþykkt að óska eftir því að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 140/2012. Í fyrrgreindu erindi Orkuveitu Reykjavíkur er þess óskað að Reykjavíkurborg sem einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að það verði lagt fyrir forsætisráðherra að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum. Sambærileg erindi voru send til annarra eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

### I.

Upplýsingalög nr. 140/2012 gilda um alla starfsemi stjórnvalda og alla starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. laganna. Lögin taka þó ekki til lögaðila, sem hafa sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að lögaðili, sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna og er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði, falli ekki undir gildissvið laganna. Ákvörðun forsætisráðherra um að lögaðili skuli njóta undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga tekur gildi við birtingu auglýsingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Þá skal forsætisráðuneytið halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið slíka undanþágu, en ákvörðun þar að lútandi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

### II.

Orkuveita Reykjavíkur félag sem eru í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Fyrirtækið ON Power ohf. er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., kt. 531213-0840, sem er að öllu leyti í

eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er því að öllu leyti í eigu hins opinbera og hefur ekki sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa. Félagið fellur því að óbreyttu undir gildissvið upplýsingalaga.

Í athugasemdum við ákvæði 2. gr. í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum nr. 140/2012 segir m.a. eftirfarandi um skilyrði þess að undanþágunni sé beitt:

*„Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt eru því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinna starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila..*

[...]

*Ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki getur fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verður að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Ljóst er jafnframt að henni ber að beita af mikilli varfærni.“*

[...]

*Sá möguleiki er fyrir hendi að einhverjir þeirra lögaðila sem eðlilegt væri að fengju undanþágu skv. 3. mgr. séu í eigu sveitarfélaga, tveggja eða fleiri. Í slíkum tilvikum væri eðlilegt að sveitarstjórnir allra hlutaðeigandi sveitarfélaga stæðu sameiginlega að ósk um undanþágu.*

Í samræmi við skipan raforku mála í raforkulögunum hefur raforkumarkaðinum á Íslandi verið skipt í eftirfarandi fjóra undirmarkaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2006:

- Markaður fyrir framleiðslu/vinnslu og heildsölu rafmagns
- Markaður fyrir dreifingu rafmagns
- Markaður fyrir flutning rafmagns
- Markaður fyrir smásölu á rafmagni til endanota (tvískiptur flokkur, annars vegar almennur hluti og hins vegar stórnotendahluti)

Í tilvitnuðu erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef. kemur fram að ON Power ehf. framleiði og selji rafmagn til endanotenda á stórnotendamarkaði og að félagið lúti sem slíkt eftirliti Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Starfsemi ON Power ehf. feli í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Hellisheiðarvirkjun, kaup og sölu á rafmagni á heildsölumarkaði, sölu á rafmagni til stórnotenda í erlendum gjaldmiðli ásamt rekstri og uppbyggingu jarðhitagarðs.

Hinn 1. janúar 2019 var starfsemi Orku náttúrunnar ohf. skipt í tvö félög, annars vegar Orku náttúrunnar ohf., sem er með íslenska krónu sem starfrækslugjaldmiðil, og hins vegar í ON Power ohf., sem er með bandaríkjadal sem starfrækslugjaldmiðlum. Megin munurinn á þessum tveimur félögum felst þannig í mismunandi starfrækslugjaldmiðli hvors fyrirtækis um sig. Bæði félögin starfa á markaði fyrir framleiðslu/vinnslu og heildsölu rafmagns og markaði fyrir smásölu á rafmagni til endanotenda. Á hinn bóginn starfa félögin á sitt hvorum af tveimur undirmörkuðum fyrir smásölu, þ.e. Orka náttúrunnar ohf. starfar á almennum markaði en ON Power ohf. á stórnotendamarkaði.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitur Reykjavíkur er Landsvirkjun helsti samkeppnisaðili ON Power ohf.

Fyrir liggur að Landsvirkjun fengið hefur undanþágu frá upplýsingalögum með ákvörðun forsætisráðuneytisins, dags. 1. júlí 2019, sbr. auglýsing nr. 625/2015 sem birtist í Stjórnartíðindum 3. júlí 2019. Landsvirkjun er samkvæmt lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun sameignarfyrirtæki í eigu ríkissjóðs (99,9%) og Eignarhluta ehf. (0,1%). Einkahlutafélagið Eignarhlutur er jafnframt í 100% eigu íslenska ríkisins. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins um beiðni Landsvirkjunar um undanþágu kemur fram að raforkumarkaðurinn á Íslandi einkennist af fáum fyrirtækjum sem flest séu verulega lóðrétt samþætt og að við slíkar aðstæður geti skapast hætta á skertu samkeppnislegu sjálfstæði keppinauta. Þá segir í umsögn Samkeppniseftirlitsins að mikilvægt sé að hið opinbera raski ekki samkeppnislegu sjálfstæði keppinauta á orkumarkaði með því að hluti markaðarins lúti ítarlegri upplýsingaskyldu umfram það sem almennt gerist á samkeppnismörkuðum.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat borgarlögmans að sömu sjónarmið gildi um ON Power ohf., þ.e. að félagið uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að njóta undanþágu frá gildissviði laganna. Um er að ræða einkaréttarlegt félag sem er í samkeppnisrekstri á markaði og að starfsemi þess falli því ekki undir hefðbundna opinbera starfsemi. Þá hefur félaginu hvorki verið falið að taka stjórnvaldsákvarðanir né að sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða teljist að öðru leyti þáttur í opinberu hlutverki stjórnvalds.

Því er lagt til að Reykjavíkurborg fallist fyrir sitt leyti á fyrrnefnt erindi Orkuveitu Reykjavíkur varðandi ON Power ohf. og fari þess á leit við forsætisráðherra að félagið fái undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012.

Þar sem móðurfélagið Orkuveita Reykjavíkur er ekki alfarið í eigu Reykjavíkurborgar heldur jafnframt í eigu Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar og fyrir liggur að sambærileg erindi voru send til hinna eigendanna þá er enn fremur mælt til, ef mögulegt er, að sameiginlega verði staðið að ósk um undanþágu í samræmi við athugasemd við ákvæði 2. gr. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum.



Ebba Schram





## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarlögmaður

---

***Umsögn um erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef. vegna beiðni um undanþágu frá upplýsingalögum vegna dótturdótturfélagsins Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.***

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. janúar 2020, var óskað umsagnar borgarlögmanns um erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef., dags. 7. janúar 2020. Í erindinu kemur fram að stjórn dótturdótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur, Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., kt. 691206-3780, hafi á hluthafafundi sínum sem fram fór 6. nóvember 2020, samþykkt að óska eftir því að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 140/2012. Í fyrrgreindu erindi Orkuveitu Reykjavíkur var þess óskað að Reykjavíkurborg sem einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að það verði lagt fyrir forsætisráðherra að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum. Sambærileg erindi voru send til annarra eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

### I.

Upplýsingalög nr. 140/2012 gilda um alla starfsemi stjórnvalda og alla starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. laganna. Lögin taka þó ekki til lögaðila, sem hafa sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir og dótturfélaga þeirra.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að lögaðili, sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna og er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði, falli ekki undir gildissvið laganna. Ákvörðun forsætisráðherra um að lögaðili skuli njóta undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga tekur gildi við birtingu auglýsingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Þá skal forsætisráðuneytið halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið slíka undanþágu en ákvörðun þar að lútandi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

### II.

Orkuveita Reykjavíkur er félag sem eru í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Félagið Gagnaveita Reykjavíkur ehf. er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., kt. 531213-0840, sem er að



öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Félagið er því að öllu leyti í eigu hins opinbera og hefur ekki sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa. Félagið fellur því að óbreyttu undir gildissvið upplýsingalaga.

Í athugasemdum við ákvæði 2. gr. í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum nr. 140/2012 segir m.a. eftirfarandi um skilyrði þess að undanþágunni sé beitt:

*„Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt eru því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opintrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila..*

[...]

*Ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki getur fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verður að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Ljóst er jafnframt að henni ber að beita af mikilli varfærni.“*

[...]

*Sá möguleiki er fyrir hendi að einhverjir þeirra lögaðila sem edlilegt væri að fengju undanþágu skv. 3. mgr. séu í eigu sveitarfélaga, tveggja eða fleiri. Í slíkum tilvikum væri edlilegt að sveitarstjórnir allra hlutaðeigandi sveitarfélaga stæðu sameiginlega að ósk um undanþágu.*

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. er fjarskiptafyrirtæki sem hóf starfsemi 1. janúar 2007 þegar það keypti eignir úr starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Tilgangur Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. er rekstur og uppbygging háhraðagagnaflutningskerfis. Gagnaveita Reykjavíkur á og rekur ljósleiðarakerfi sem liggur að mestu um höfuðborgarsvæðið þar sem búið er að tengja við kerfið tugþúsundir heimila og hundruð fyrirtækja. Þá nær kerfið einnig til hluta Vesturlands og Suðurlands. Um ljósleiðarakerfið rekur félagið opið net fjarskipta þar sem tengdir aðilar á þjónustusvæði félagsins geta fengið háhraða internet, sjónvarps- og símaþjónustu ýmissa fjarskiptafyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum sem koma fram í fylgiskjölum með tilvitnuðu erindi Orkuveitu Reykjavíkur er starfsemi Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. að öllu leyti í samkeppni á markaði og lýtur hún eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Helsti samkeppnisaðili félagsins sé Míla ehf., dótturfélag Símans hf., sem skráð er á markað.

Fyrir liggur að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. sótti um og hlaut undanþágu frá upplýsingalögum árið 2013, sbr. ákvörðun forsætisráðuneytisins, dags. 20. desember 2013, að undangenginni jákvæðri umsögn Samkeppniseftirlitsins. Sú undanþága gilti til 1. janúar 2017 og var að gildistíma hennar lokinni ekki óskað eftir því við eigendur að sótt yrði um endurnýjun undanþágunnar fyrr en með áður nefndu erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef.

Í ákvörðun forsætisráðherra frá 2013 er vísað til umsagnar Samkeppniseftirlitsins þar sem segir:

*„Gagnaveitu Reykjavíkur hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds, sbr. 3. gr. upplýsingalaga. Starfsemi félagsins er einkaréttarlegs eðlis og ekki verður talið að félagið sinni starfsemi sem talist getur til hefðbundinna opinberrar starfsemi*

[...]

*Að mati Samkeppniseftirlitsins sinnir félagið hefðbundinni starfsemi á almennum rekstrarlegum grundvelli að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Ef Gagnaveita Reykjavíkur væri skyldug til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum telur Samkeppniseftirlitið hættu á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem óheppilegt væri í samkeppni keppinauta. Hér beri einnig að hafa í huga yfirburðarstöðu Milu ehf. og Símans hf. á markaði fyrir fjarskiptagrunnkerfi og tengda þjónustu. Því mælir Samkeppniseftirlitið með því að Gagnaveitu Reykjavíkur verði veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga skv. 3. mgr. 2. gr. laganna“ .*

Með hliðsjón af framangreindu er það mat borgarlögmans að þau sjónarmið sem lögð voru til grundvallar við veitingu undanþágunnar árið 2013 gildi enn um félagið og að félagið uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að njóta undanþágu frá gildissviði laganna. Um er að ræða einkaréttarlegt félag sem er í samkeppnisrekstri á markaði og að starfsemi þess falli því ekki undir hefðbundna opinbera starfsemi. Þá hefur félaginu hvorki verið falið að taka stjórnvaldsákvarðanir né að sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða teljist að öðru leyti þáttur í opinberu hlutverki stjórnvalds.

Því er lagt til að Reykjavíkurborg fallist fyrir sitt leyti á fyrrnefnt erindi Orkuveitu Reykjavíkur varðandi Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og fari þess á leit við forsætisráðherra að félagið fái undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012.

Þar sem móðurfélagið Orkuveita Reykjavíkur er ekki alfarið í eigu Reykjavíkurborgar heldur jafnframt í eigu Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar og fyrir liggur að sambærileg erindi voru send til hinna eigendanna þá er enn fremur mælt til, ef mögulegt er, að sameiginlega verði staðið að ósk um undanþágu í samræmi við athugasemd við ákvæði 2. gr. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum.

Ebba Schram



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgaráð

**Sendandi:** Borgarlögmaður

---

***Umsögn um erindi Orkuveitu Reykjavíkur vegna beiðni um undanþágu frá upplýsingalögum vegna dótturdótturfélagsins Carbfíx ohf.***

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. janúar 2020, var óskað umsagnar borgarlögmanns um erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef., dags. 7. janúar 2020. Í erindinu kemur fram að stjórn dótturdótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur, Carbfíx ohf., kt. 471119-0910, hafi á hluthafafundi sínum sem fram fór 6. nóvember 2020, samþykkt að óska eftir því að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 140/2012. Í fyrrgreindu erindi Orkuveitu Reykjavíkur er þess óskað að Reykjavíkurborg sem einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að það verði lagt fyrir forsætisráðherra að félaginu verði veitt undanþága frá upplýsingalögum. Sambærileg erindi voru send til annarra eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

### I.

Upplýsingalög nr. 140/2012 gilda um alla starfsemi stjórnvalda og alla starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. laganna. Lögin taka þó ekki til lögaðila, sem hafa sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að lögaðili, sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna og er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði, falli ekki undir gildissvið laganna. Ákvörðun forsætisráðherra um að lögaðili skuli njóta undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga tekur gildi við birtingu auglýsingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Þá skal forsætisráðuneytið halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið slíka undanþágu, en ákvörðun þar að lútandi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

### II.

Orkuveita Reykjavíkur er félag sem eru í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Félagið Carbfíx ohf. er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., kt. 531213-0840, sem er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er því að öllu leyti í eigu hins opinbera og hefur ekki sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa. Félagið fellur því að óbreyttu undir gildissvið



upplýsingalaga.

Í athugasemdum við ákvæði 2. gr. í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum nr. 140/2012 segir m.a. eftirfarandi um skilyrði þess að undanþágunni sé beitt:

*„Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt eru því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinna starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila..*

[...]

*Ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki getur fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verður að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Ljóst er jafnframt að henni ber að beita af mikilli varfærni.“*

[...]

*Sá möguleiki er fyrir hendi að einhverjir þeirra lögaðila sem eðlilegt væri að fengju undanþágu skv. 3. mgr. séu í eigu sveitarfélaga, tveggja eða fleiri. Í slíkum tilvikum væri eðlilegt að sveitarstjórnir allra hlutaðeigandi sveitarfélaga stæðu sameiginlega að ósk um undanþágu.*

Carbfix ohf. hóf starfsemi 1. janúar 2020. Hlutverk Carbfix ohf. er að stuðla að frekari þróun og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftslagsbreytingum. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur þá eru helstu samkeppnisaðilar Carbfix ohf. eru fyrirtæki í olíu- og gasiðnaði svo sem Equinor og Total. Einnig eru fyrirtæki sem bjóða upp á föngun og/eða hagnýtingu koltvíoxíðs í samkeppni við félagið, svo sem C-Capture og Baker Hughes. Þá telur Orkuveita Reykjavíkur að það kunnir að skapast grundvöllur fyrir samkeppni frá innlendum ráðgjafafyrirtækjum í ljósi þróunar þessara mála hér á landi með mögulegri tilkomu lagaákvæða um geymslu koldíoxíðs í jörðu. Fyrir liggur á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er varðar ákvæði um örugga föngun, flutning og niðurdælingu koldíoxíðs í jarðlög á Íslandi og í efnahagslögsögu landsins í því skyni að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Ef frumvarpið verður að lögum, í núverandi mynd, yrði heimilað að dæla niður koldíoxíði til geymslu hér á landi. Að mati Orkuveitu Reykjavíkur kann þetta að leiða til þess að fleiri aðilar stefni á þessi mið í ljósi breyttra áherslna m.t.t. niðurdælingar hér á landi.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat borgarlögmans að Carbfix ohf. uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að njóta undanþágu frá gildissviði laganna. Um er að ræða einkaréttarlegt félag sem er í samkeppnisrekstri á markaði og starfsemi þess fellur ekki undir hefðbundna opinbera starfsemi. Þá hefur félaginu hvorki verið falið að taka stjórnvaldsáskvarðanir né sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða teljist að öðru leyti þáttur í opinberu hlutverki stjórnvalds.

Því er lagt til að Reykjavíkurborg fallist fyrir sitt leyti á fyrrnefnt erindi Orkuveitu Reykjavíkur varðandi Carbfix ohf. og fari þess á leit við forsætisráðherra að félagið fái undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012.

Þar sem móðurfélagið Orkuveita Reykjavíkur er ekki alfarið í eigu Reykjavíkurborgar heldur

jafnframt í eigu Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar og fyrir liggur að sambærileg erindi voru send til hinna eigendanna þá er enn fremur mælt til, ef mögulegt er, að sameiginlega verði staðið að ósk um undanþágu í samræmi við athugasemd við ákvæði 2. gr. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum.



Ebba Schram